



Tálknafjörður

Strandgata 38, 460 Tálknafirði - kt. 640269-6779 - Sími 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 14. október 2020
2009245 ÓþÓ

Efni: Tillaga að sérstökum úthlutunarreglum byggðakvóta á Tálknafirði 2020/2021.

Á 561. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.10.2020 var lagður fram tölvupóstur Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 11.09.2020 varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðalaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta. Einnig var fjallað um erindið á 26. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.09.2020. Á áðurnefndum fundi sveitarstjórnar var eftirfarandi fært til bókar varðandi málið:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu Atvinnu- og hafnarnefndar um að settar verði sérreglur fyrir Tálknafjörð með sama hætti og gert var fyrir fiskveiðiárið 2019-2020. Sveitarstjóra er falið að senda ráðuneytinu erindi þess efnis fyrir 15. október n.k.

Með vísan í ofangreint og byggt á 2. gr. reglugerðar nr. 728/2020 um úthlutun byggðakvóta til fiskveiðiskipa á fiskveiðiárið 2020/2021 er lagt til að settar verði sérstakar úthlutunarreglur byggðakvóta á Tálknafirði. Er þetta samhljóma tillögu sveitarfélagsins sem var send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í erindi dags. 23.01.2020 vegna fiskveiðársins 2019/2020.

Lagt er til að ákvæði reglugerðar 728/2020 gildi um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að: 50% skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa sínum afla fiskveiðiárið 2019/2020 á Tálknafirði og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 50% skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í Tálknafjarðarhöfn í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.



Tálknafjörður

Strandgata 38, 460 Tálknafirði - kt. 640269-6779 - Sími 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

- b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á sem byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 en er heimilt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu á fiskmarkaði án vinnsluskyldu.
- c) Ákvæði 4. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar falli niður.

Ofangreind tillaga byggir á þeirri staðreynd að engin hefbundin fiskvinnsla er rekin á Tálknafirði. Því er full ástæða til að falla frá ákvæðum um vinnsluskyldu á þeim afla sem þar er landað sem byggðakvóta og þar með gefa útgerðaraðilum tök á því að fá sem best verð fyrir veiddan fisk. Slíkt er líklegt til að efla í senn atvinnu- og mannlíf í byggðalaginu. Jafnframt byggir tillagan á því mati að mikilvægt sé fyrir atvinnulíf á Tálknafirði að sem flestir útgerðaraðilar fái tækifæri til að fá úthlutaðan byggðakvóta og því er lagt til að veiðireynsla frá fyrra ári gildi 50% í úthlutun en 50% skiptist jafnt á þá aðila sem lönduðu í Tálknafjarðarhöfn á síðasta fiskveiðíári. Þá er mikilvægt að halda því til haga að tillagan útlokar ekki að útgerð sem landar í Tálknafjarðarhöfn geti gert vinnslusamning við vinnslur í nágrannasveitarfélögum Tálknafjarðarhrepps.

Rétt er að benda á að fordæmi eru fyrir því ráðuneytið hafi samþykkt sérreglur fyrir önnur byggðalög þar sem vinnsluskylda hefur verið felld niður. Þar með ætti að vera ljóst að slíkt hið sama sé hægt að gera á Tálknafirði þar sem engin hefbundin fiskvinnsla er rekin og full rök eru að baki slíku ákvæði.

Sé eftir því óskað eru fulltrúar sveitarfélagsins tilbúnir til að mæta á fund ráðherra til að fylgja ofnagreindum tillögum eftir.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Sveitarstjóri
Tálknafjarðarhrepps

Ólafur Þór Ólafsson
sveitarstjóri